



Skóli Ísaks Jónssonar  
Sjálfseignarstofnun

## Jafnréttisáætlun Ísaksskóla 2026-2029

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 skulu fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa 25 eða fleiri að jafnaði setja sér jafnréttisáætlun.

Í fimmtu grein laganna kemur fram að sérstaklega skuli kveðið á um markmið og gerð áætlunar um hvernig þeim skuli náð til að tryggja starfsfólki þau réttindi sem kveðið er á um í 6.-14. grein. Það er almennt ákvæði um jafnlaunajafnrétti; jafnlaunavottun; laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun; samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs; kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni. Að lokum er fjallað um 15. grein laganna er snýr að menntun og skólastarfi auk aðgerðaráætlunar um samstarfs heimila og skólans.

Jafnréttisáætlunin á að vera í stöðugri þróun eins og í annarri stefnumótun, en skal skv. 5. gr. laganna endurskoða á þriggja ára fresti.

Aðgerðaráætlunin sem fylgir þessari jafnréttisáætlun er unnin af starfsfólki skólans.

Skólastjóri skipar fjóra fulltrúa skólans í jafnréttisnefnd. Hlutverk þeirra er m.a. að koma þeim aðgerðum í verk sem tíundaðar eru í þessari áætlun.



## Skóli Ísaks Jónssonar Sjálfseignarstofnun

### **Ábyrgð og stjórnun jafnréttismála**

Skólastjóri ber ábyrgð á jafnréttisáætlun ásamt jafnréttisnefnd. Í aðgerðaráætlun er skilgreint hvar ábyrgðin liggur hverju sinni.

### **Starfsfólk**

Það er stefna Skóla Ísaks Jónssonar að tryggja að öll kyn njóti jafnréttis. Það er mikilvægt að starfsfólk og nemendur séu metin að verðleikum og sýni hvert öðru virðingu í samskiptum. Það er markmið í sjálfu sér að standa vörð um jöfn kjör kynjanna. Starfsfólk skólans mun leitast við að vinna gegn úreltum hugmyndum um hlutverk kynjanna. Gæta skal að sem jöfnustum kynjahlutföllum í nefndum skólans sé því viðkomið.

### **Ráðningar og launakjör**

Jafnréttissjónarmið verða höfð að leiðarljósi þegar kemur að mikilvægum ákvörðunum sem snerta starfsfólk og nemendur skólans. Allir eiga jafnan rétt að lausum störfum, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun óháð kyni, kynþætti, trúarbrögðum, kynhneigð og stéttarstöðu. Hafa skal í huga að í hópi starfsfólks sé hluti kynjanna sem jafnastur. Öll kyn skulu njóta sömu launa fyrir sömu störf.

### **Launajafnrétti**

Við ákvörðun launa skal gæta fyllsta jafnréttis. Starfsmenn skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf (IST 85) og skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun. Skólinn skuldbindur sig jafnframt til að vinna að stöðugum umbótum á þessu sviði, hafa eftirlit með viðmiðum og bregðast við frávikum sem upp kunna að koma.



## Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

Við ákvörðun starfskjara skal tryggt að þau viðmið sem lögð eru til grundvallar þeirri ákvörðun feli ekki í sér kynjamismun. Það gildir jafnt um lífeyrisframlag, lengd orlofs eða veikindaréttar eða hvers konar annarra starfskjara sem hægt er að meta til fjár.

Í samræmi við lög nr. 150/2020 mun skólinn ljúka jafnlaunavottun fyrir lok árs 2022 sem staðfestir að jafnlaunakerfi fyrirtækisins og framkvæmd þess uppfylli kröfur staðals ÍST 85.

### **Endurmenntun og starfsþróun**

Allt starfsfólk skal taka þátt í skilgreindri endurmenntun skólans. Starfsfólk skal hafa tök á að sinna starfsþróun sinni óháð kyni, kynþætti, trúarbrögðum, kynhneigð og stéttarstöðu.

### **Samræming fjölskyldulífs og vinnu**

Skólinn mun leggja sig fram við að koma til móts við starfsfólk þegar erfiðleikar steðja að. Starfsfólki við Skóla Ísaks Jónssonar skal gert kleift að samræma fjölskyldulíf og vinnu. Þetta er meðal annars gert með því að verða við sveigjanlegum viðverutíma í skólanum þar sem því er við komið. Við leggjum áherslu á að starfsfólk okkar hafi, óháð kyni, tök á að sinna veikindum barna sinna.

### **Einelti, áreitni eða ofbeldi**

Einelti, áreitni eða ofbeldi af hvaða tagi sem er verður ekki liðið í Skóla Ísaks Jónssonar. Mikilvægt er að fræða starfsfólk skólans og nemendur um í hverju einelti felst. Einnig er mikilvægt að starfsfólk skólans þekki rétt sinn ef það verður fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni. Við skólann starfar teymi sem tekur á eineltismálum og kynbundnu ofbeldi og áreitni og kynferðislegri áreitni. Ef upp koma vandamál í skólanum er hægt að leita til þess teymis eða trúnaðarmanna á vinnustaðnum.



Skóli Ísaks Jónssonar  
Sjálfseignarstofnun

## **Jafnréttismiðað nám**

Skólinn leggur áherslu á að börn af öllum kynjum eigi sem jafnasta og víðtækasta möguleika. Leitast er við að skipta börnum í bekk og hópa í jöfnum kynjahlutverkum. Hlutverk skólans er m.a. að tryggja að hvergi í skólastarfinu, í inntaki né starfsháttum, séu hindranir í vegi eins kynsins. Þetta felur m.a. í sér að skoða námsefni og námsgögn.

## **Fræðsla**

Mikilvægt er að standa fyrir fræðslu fyrir nemendur og starfsfólk um jafnrétti.

### **6. gr. Almenn ákvæði um launajafnrétti.**

„Konum, körlum og fólki með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.

Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir fólk óháð kyni. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun. Starfsfólki skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef það kys að gera svo.“

### **7. gr. Jafnlaunavottun**

Fyrirtæki og stofnanir með 25 starfsmenn eða fleiri skulu öðlast jafnlaunavottun hjá viðurkenndum vottunaraðila. Vottunaraðilinn þarf að staðfesta, að undangenginni úttekt að jafnlaunakerfið og framkvæmd þess uppfylli kröfur staðalsins ÍST 85:2012.

Jafnlaunavottunina skal endurnýja á þriggja ára fresti



Skóli Ísaks Jónssonar  
Sjálfsseignarstofnun

Markmið Hvað?	Aðgerð Hvernig?	Ábyrgð Hver?	Tímarammi Hvenær?
Jafnlaunavottun lokið og viðhaldið skv. lögum.	Fylgja ferli vottunaraðila og ÍST 85	Skólastjóri	Lok árs 2022 auk endurvottunar skv. kröfum laga – Lokið í mars 2026
Að fólk fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf, óháð kyni.	Greina árlega laun og fríðindi starfsmanna. Leiðrétta skal laun ef fram kemur mismunur sem ekki verður skýrður með öðru en kynferði.  Laun skulu taka mið af launatöflu stéttarféлага og/eða einstaklingssamningum. Laun eru endurskoðuð árlega í starfsmannasamtölum Meta hvern einstakling <sup>1</sup> fyrir sig út frá starfsreynslu, menntun, hæfni og aldri. Þetta mat skal óháð kyni, kynferði, kynvitund, kynhneigð, fötlun og þjóðerni.	Skólastjóri	Lokið í júní ár hvert  Fyrir starfsmannaviðtöl sem eru alla jafna í mars á hverju ári.
Fylgja því eftir að launagrunnur hækki í samræmi við launaþróun., út frá starfsreynslu, menntun, hæfni og aldri.	Skólastjóri gerir úttekt þar sem skoðuð verða heildarlaun út frá kyni og starfsheitum.  <a href="#">Samkvæmt reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 1030/2017</a>		Úttekt lokið í mars 2026

**12. gr. Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun.**

„Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum, körlum og fólki með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá (...)“

Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að konur, karlar og fólk með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá njóti sömu möguleika til endurmenntunar,

<sup>1</sup> Starfsfólk skólans tilheyrir nokkrum stéttarfélögum. Kennarar skólans vinna samkvæmt einstaklingssamningi.



Skóli Ísaks Jónssonar  
Sjálfseignarstofnun

símenntunar og starfþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.“

Markmið Hvað?	Aðgerð Hvernig?	Ábyrgð Hver?	Tímarammi Hvenær?
Allir eiga jafnan aðgang að lausum störfum, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun óháð kyni, aldri, kynþætti, trúarbrögðum, kynhneigð og stéttarstöðu.	Auglýsa skal laus störf innan skólans (og utan þegar það á við). Við úrvinnslu umsókna skal fyrst og fremst líta til þess hvað nýtist stofnuninni sem best.  Skólinn skal greiða fyrir námskeið/endurmenntun sem starfsfólk er skyldað í. Starfsmenn bera sjálfir ábyrgð á að uppfylla aðra þætti endurmenntunar út frá tímakvóta í símenntunaráætlun.	Skólastjóri (laus störf og endurmenntun).  Starfsmenn (önnur endurmenntun eftir áhugasviði).	Þegar auglýst er eftir nýju starfsfólki.  Óskir um endurmenntun eru settar fram í starfsmannasamtölum að hausti eða vori.

**13. gr. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs.**

„Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera starfsfólki kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu, óháð kyni. Ráðstafanir þær skulu meðal annars miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsfólks og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsfólki sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna brýnna fjölskylduaðstæðna.“



Skóli Ísaks Jónssonar  
Sjálfsseignarstofnun

Markmið Hvað?	Aðgerð Hvernig?	Ábyrgð Hver?	Tímarammi Hvenær?
Að skólinn komi til móts við starfsfólk þegar upp koma erfiðar aðstæður innan fjölskyldu t.d. veikindi, dauðsföll og fleira.	Metið við hvert einstakt tilfelli.	Skólastjóri.	Eftir aðstæðum. Endurskoða árlega.

#### 14. gr. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

„Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.“

Markmið Hvað?	Aðgerð Hvernig?	Ábyrgð Hver?	Tímarammi Hvenær?
Tryggja að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og einelti verði ekki liðið innan Skóla Ísaks Jónssonar.	Samkvæmt verklagsreglum teymis gegn einelti og áreitni fyrir <a href="#">nemendur</a> og <a href="#">starfsfólk</a> .	Skólastjóri, teymi gegn einelti og Jafnréttisnefnd.	Endurskoðað í október ár hvert.
Starfsfólk fái fræðslu um kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni, kynbundið ofbeldi og einelti.	Námskeið á vegum Vinnueftirlitsins.		Fyrir lok árs 2026.



Skóli Ísaks Jónssonar  
Sjálfsseignarstofnun

Markmið Hvað?	Aðgerð Hvernig?	Ábyrgð Hver?	Tímarammi Hvenær?
Gera nemendur meðvitaða um kynferðislegt áreiti, kynbundið ofbeldi og kynbundna áreitni með fræðslu.	Fá t.d. fyrirlestur frá hjúkrunarfræðingi um einkastaðina mína. Bækurnar „Þetta er líkaminn minn“ og „Þetta eru mínir einkastaðir“ eru lesnar fyrir nemendur.  Nemendur í 7 ára bekk fá fræðsluna „Krakkarnir í hverfinu“.  Allt starfsfólk lesi punkta um barnavernd inn á „Sameign“. Þar er bent á leiðir til að taka á hinum ýmsu málum sem geta komið upp.	Starfsfólk við Skóla Ísaks Jónssonar.  Hjúkrunarfræðingur.	Þegar aðstæður gefa tilefni til.  Þegar fjallað er um líkamann í samfélags- og náttúrufræði.  Fræðsla frá hjúkrunarfræðingi skipulögð í samstarfi við umsjónarkennara  Ár hvert.  Ár hvert

**15. gr. Menntun og skólastarf.**

„Samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla og uppeldisstarfi, þar á meðal í frístundaheimilum og í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta jafnréttis og kynjafræðslu við hæfi þar sem m.a. er kennt um kynjaðar staðalímyndir, kynbundið náms- og starfsval og málefni fatlaðs fólks og hinsegin fólks.

Öll kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu nemendur hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf, óháð kyni.



Skóli Ísaks Jónssonar  
Sjálfseignarstofnun

Markmið Hvað?	Aðgerð Hvernig?	Ábyrgð Hver?	Tímarammi Hvenær?
<p>Nemendur fá fræðslu um jafnréttismál.</p> <p>Að búa öll kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.</p>	<p>Ræða við nemendur um hvernig tímarnir hafa breyst. T.d. í jólasöngvum, stelpurnar vaggva brúðu og strákar sparka bolta.</p> <p>Að ræða við nemendur um mikilvægi jafnrar þátttöku fjölskyldumeðlima innan heimilis.</p> <p>Finna námsefni þar sem lögð er áhersla á þessa þætti.</p> <p>Umræður um jafnrétti. Hvað þýðir orðið jafnrétti?</p> <p>Ræða við nemendur um rétt einstaklingsins til skólagöngu óháð stöðu og kyni.</p> <p>Ræða við nemendur um að störf séu ekki kynbundin, hvorki á vinnumarkaði né innan heimilis.</p> <p>Ræða við nemendur um mismunandi kynhneigð og ólíkar fjölskyldugerðir .</p>	<p>Starfsfólk Skóla Ísaks Jónssonar.</p> <p>Starfsfólk Skóla Ísaks Jónssonar.</p>	<p>Jafnt og þétt yfir skólaárið og þegar tilefni gefst.</p>

Markmið Hvað?	Aðgerð Hvernig?	Ábyrgð Hver?	Tímarammi Hvenær?
<p>Að kennslu- og námsgögn mismuni ekki kynjunum.</p>	<p>Að rýna vel í þau námsgögn sem skólinn á.</p> <p>Gæta vel að því að námsefnið mismuni ekki eftir kyni og uppruna.</p> <p>Leitast við að bjóða upp á námsgögn og leikföng sem ýta ekki undir staðlaða kynjaskiptingu.</p> <p>Að umhverfi skólans spegli ekki staðalmyndir um hlutverk kynja.</p>	<p>Íslenskuteymi.</p> <p>Bókasafnsteymi.</p> <p>Áttthagafræðiteymi.</p> <p>Starfsfólk skólans.</p> <p>Starfsfólk skrifstofu.</p>	<p>Allt árið. Farið reglulega yfir leikföng, kennslu- og námsgögn á skipulagsdögum.</p>



**Skóli Ísaks Jónssonar**  
Sjálfsseignarstofnun

<b>Markmið Hvað?</b>	<b>Aðgerð Hvernig?</b>	<b>Ábyrgð Hver?</b>	<b>Tímarammi Hvenær?</b>
Í starfsfræðslu <sup>2</sup> fá börn fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.	Fylgjast vel með því að ekki sé ýtt undir staðalímyndir kynjanna.  Vera meðvituð að það námsefni sem notað er mismuni ekki kynjum.	Jafnréttisteymi.  Umsjónakennarar.	Þegar þörf krefur.

<b>Markmið Hvað?</b>	<b>Aðgerð Hvernig?</b>	<b>Ábyrgð Hver?</b>	<b>Tímarammi Hvenær?</b>
Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólalstarfinu.	Gera sömu kröfur til kynjanna.  Rýna vel í alla stefnumótun og áætlanagerð með jafnrétti í huga.  Leitast við að hafa jafna kynjaskiptingu.	Starfsfólk Skóla Ísaks Jónssonar.	Þegar skipt er í hópa. Þegar unnið er að stefnumótun og áætlanagerð.

**Samstarf heimila og skólans.**

<b>Markmið Hvað?</b>	<b>Aðgerð Hvernig?</b>	<b>Ábyrgð Hver?</b>	<b>Tímarammi Hvenær?</b>
Að foreldrar taki jafnan þátt í skólalstarfinu.  Starfsfólk skólans útiloki ekki annað foreldrið á grundvelli kyns.	Hringt í forráðamenn óháð kyni þegar á þarf að halda.  Við sendum allar upplýsingar á báða forráðamenn.  Við boðum báða forráðamenn í viðtöl.  Við leggjum áherslu á að allt heimanám sé á ábyrgð beggja foreldra.  Leitast við að fá bekkjarfulltrúa af öllum kynjum.	Forráðamenn og starfsfólk við Skóla Ísaks Jónssonar.	Á skipulagsdögum að hausti og þegar þörf krefur.

<sup>2</sup> Við Skóla Ísaks Jónssonar er ekki starfandi námsráðgjafi. Skólinn er með nemendur á yngsta stigi og svo fjóra, fimm ára bekki. Ekki hefur verið talin þörf á að hafa námsráðgjafa á yngsta stigi.



Skóli Ísaks Jónssonar  
Sjálfseignarstofnun

<b>Markmið Hvað?</b>	<b>Aðgerð Hvernig?</b>	<b>Ábyrgð Hver?</b>	<b>Tímarammi Hvenær?</b>
Að allir í skólanum kynni sér jafnréttisáætlun skólans.	Kynna jafnréttisáætlun.	Skólastjóri. Jafnréttisnefnd.	Á skipulagsdögum að hausti. Og þegar þörf krefur

**Yfirfarin og endurbætt í mars 2026**  
Jafnréttisnefnd